

Af öllu framangreindu athuguðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnendur til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Björgvinsson og Sigríður Þórðardóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Einars Gunnarssonar og Matthildar Sigurðardóttur, í máli þessu.

Stefnendur, Einar Gunnarsson og Matthildur Sigurðardóttir, greiði stefndu, Sigurði Björgvinssyni og Sigríði Þórðardóttur, óskipt kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. janúar 1985.

Nr. 96/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Hauki Ólafssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsón.

Máli þessu var áfrýjað með stefnu 11. apríl 1984 samkvæmt ósk ákærða Jóns Hauks Ólafssonar. Ágrip barst Hæstarétti 29. ágúst 1984. Málinu er eigi áfrýjað að því er varðar meðákærða í héraði, S, en hann vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar að því er varðar ákærða Jón Hauk.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var mál þetta höfðað með ákæru 7. september 1983. Málsmeðferð fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hófst 26. s.m. Kom ákærði S þá fyrir dóm, og var

honum birt ákæra og verjandi skipaður. Ákærði Jón Haukur kom ekki fyrir dóm í þessu þinghaldi. Málið var síðan sent sýslumanninum í Dalasýslu með ósk um, að ákærða Jóni Hauki yrði „birt ákæran og honum skipaður verjandi“, en hann var þá búsettur í Búðardal. Honum var birt ákæra í málinu í sakadómi Dalasýslu 17. janúar 1984. Var þá bókað í þingbók:

„Ákærða er birt ákæran og kynnt önnur framlögð gögn málsins. Jafnframt er gætt ákvæða 2. málsg. 77. gr. 1. nr. 74/1974.

Ákærði óskar eftir að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir að sér verði skipaður verjandi, sem hann kveðst vilja að verði Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Að öðru leyti gerir ákærði ekki athugasemdir við gögn málsins.“

Næst var þingað í málinu í sakadómi í ávana- og fikniefnamálum 29. febrúar. Var þá lagt fram endurrit af framangreindu þinghaldi í sakadómi Dalasýslu og skrifleg vörn fyrir ákærða Jón Hauk. Var málið dómtekið í sama þinghaldi, án þess að ákærði hefði komið fyrir dóminn að nýju.

Ekki sést af framangreindri bókun, að dómari hafi spurt ákærða sjálfstætt um sakarefnið, og ekki viðurkenndi ákærði skýlaust fyrir dómi háttsemi þá, sem hann var sakaður um í ákæruskjali, sbr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976. Er þetta slíkur galli á málsmeðferð, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er varðar ákærða Jón Hauk Ólafsson.

Ákveða ber að áfrýjunarkostnaður sakarinnar skuli greiddur úr ríkissjóði svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur að því er varðar ákærða Jón Hauk Ólafsson, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er hann varðar.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. mars 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og þá uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 117-118/1983: Ákærvaldið gegn S, og Jóni Hauki Ólafssyni.

Málið, sem dómtekið var 29. febrúar sl., er höfðað með ákæru, dags. 7. september sl., á hendur S. . . og Jóni Hauki Ólafssyni, Vesturbergi 78, Reykjavík, fæddum þar í borg 20. febrúar 1948, fyrir að hafa:

„um miðjan desember 1982 keypt um 1465 gr af hassi í Rotterdam og sent það hingað til lands með m.s. Arnarfelli, sem kom til Reykjavíkur 24. s.m., en efnið, sem var ætlað til sölu hér á landi, fannst við leit í farangursafgreiðslu tollgæslunnar og lagði lögreglan hald á það.“

Í ákærskjali er þessi ætlaða háttsemi talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Í niðurlagi ákærskjals er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindu hassefni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, sæti fangelsi í 3 mánuði. Refsivist hans til frádráttar komi 4 daga gæsluvarðhaldsvist.

Upptæk til eyðingar dæmast þau 1465 gr af hassi, sem lögreglan lagði hald á í málinu.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar af greiði . . . ákærði Jón Haukur 5.000,00 kr. til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl.